

Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Fundargerð 43. fundur skólanefndar

22. júní 2009

Mætt: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Skúlína Hlíf Kjartansdóttir, Pétur Ingi Guðmundsson, Magnús Þór Jónsson, Sigríður Finsen, Ólína Bj. Kristinsdóttir, Magnús Már Leifsson áheyrnarfulltrúi nemenda og Guðrún Jóna Jósepsdóttir fundarritari.

Kjartan Páll setur fundinn.

1. Erindi frá skólameistara og fjármál

Skúlína ræðir um fjármál skólans. Skúlína sýnir bréf sem sent var til menntamálaráðuneytisins varðandi halla fyrstu þrjá mánuði ársins. Halli skólans skýrist að mestu af þremur þáttum; halli frá fyrsta starfsári skólans árið 2004, umframmemendur á árinu 2008 voru 19 og rekstur starfsbrautar haustið 2008. Aðrir þættir sem hafa aukið fjárförf skólans á fyrstu þremur mánuðum skólans eru til að mynda eldri reikningar frá Tækniskólanum greiddir á tímabilinu, kostnaður við persónu- og tímabundna þætti sem ekki höfðu verið greiddir kennurum á haustönn 2008, laun fyrrverandi skólameistara sem voru greidd á þessum mánuðum, yfirvinna setts skólameistara, lausnarlaun veiks starfsmanns, kostnaður við fjarnámsdeild, fasteignagjöld, rekstur starfsbrautar og þrír umframmemendur.

Nemendur eru komnir á biðlista og vill skólameistari fá skýr svör frá menntamálaráðuneytinu varðandi inntöku þessara nemenda.

Skúlína ræðir um breytt fyrirkomulag á næstu önn. Tekin verður upp skyldumæting í vinnustofur til þess að sporna gegn ákveðinni lausung sem virðist hafa verið við líði vor 2009. Verið er að þétta töfluna með skyldumætingu í vinnustofur. Eftirfylgni verður aukin og mæting og árangur borin saman. Skilvirkni aukin og tölur bornar saman á rauntíma og reglulega. Skólanefnd er hlynnt þessum breytingum. Sérstaklega þegar lítið er til þess að við gætum þurft að neita nemendum um skólavist.

Það hefur verið ákveðið að hætta með Angel og notast við Moodle. Einnig eru hugmyndir um að hætta með Eplica og notast við Joomla. Eplica er stíð og fáir eru með aðgang. Joomla er notendavænni.

2. Erindi frá fjármálastjóra – tekjuaukning

Fjárhagsstaða skólans er ekki nógu góð og hefur FSN fengið þær ábendingar frá ráðuneytinu að nýta alla möguleika til tekjuöflunar. Samþykkt var að hækka innritunargjöld úr 11.000,- í 15.000,-. Innritunargjald helst óbreytt 4.250,-, tölvu- og pappírsgjald verður tölvu- og tengigjald og hækkar úr 3.500,- í 4.750,-, tekið upp sér pappírsgjald að upphæð 2.500,- og nemendafélagsgjald hækkar úr 3.250,- í 3.500,-. Samþykkt var að taka upp þá reglu að innheimta endurinnritunargjöld af þeim sem falla í áföngum. Ekki var samþykkt að leigja út í íþróttasal. Viðruð sú hugmynd að segja

upp Vaktþjónustunni. Skólameistari mun skoða málið. Skúlína ræddi einnig um sölu á verkum nemenda.

3. Tölulegar upplýsingar um haustönn

Pétur Ingi tók saman tölulegar upplýsingar varðandi haustönn 22. júní 2009. Alls útskrifuðust 34 veturinn 2008-2009. Skiptinguna má sjá á þessari töflu.

Útskriftir veturinn 2008 - 2009: 34

Bær	Stúdentspróf	Vélavörður	Hlutfall
Grundarfjörður	7	1	24%
Snæfellsbær	4	2	18%
Stykkishólmur	20	0	59%

4. Rútumál og mötuneyti

Framlengdum samningi við mötuneytið er lokið og hafa rekstraraðilar ekki óskað eftir áframhaldi. Talað um að ef til vill mætti bjóða nemendafélaginu að reka sjoppuna. Jafnvel búist við því að sala í mötuneytinu muni aukast með stífari skóladegi. Skólanefnd mælir með að notast sé við ríkiskaup við útboðin. Magnús Már mun viðra þessa hugmynd við stjórn NFSN.

Framlengdur samningur við Trex er lokið í bili. Sigríður Finsen tilkynnir að Grundarfjarðarbær vilji hætta að taka þátt í niðurgreiðslu á rútuakstri. Skólanefnd telur að sveitarfélögin verði að ræða þessi mál sín á milli og standa saman um þessi mál. Rætt um að sækja þyrfti um undanþágu frá reglugerð til LÍN vegna rútuaksturs. Greiðsla jöfnunarstyrks til þeirra nemenda sem aka sjálfir hefur ekki góð áhrif á nýtingu rútnnar hér í FSN. Með samfelldum degi ætti að verða frekari grundvöllur til notkunar á rútu.

5. Starfsbraut

Starfsbrautin kallar á skýr svör frá ráðuneytinu varðandi fjármagn. Kostnaðaráætlun vegna veggjar vegna stækkun brautarinnar liggur fyrir. Smíðin verður að mestu á höndum húsvarðar á hefðbundnum vinnutíma.

6. Önnur mál

- Kjartan Páll þakkar fyrir góða og ánægjulega útskrift í vor.
- Þróunarmál verða tekin fyrir á næsta fundi.
- Taka upp stofnun foreldrafélags í haust.

Fundi slitið kl. 18:10. Næsti fundur ákveðinn í september og mun Skúlína boða til fundarins þegar nær dregur.